

DAGSKRÁ

AÐALFUNDAR LANDSBRÉFA HF. 29. APRÍL 2021

Á dagskrá fundarins eru venjuleg aðalfundarstörf og er dagskráin svohljóðandi:

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningur lagður fram til samþykktar
3. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar
4. Kjör stjórnar og formanns stjórnar félagsins
5. Kjör endurskoðunarfélags
6. Starfskjarastefna félagsins lögð fram til samþykktar
7. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna
8. Breytingar á samþykktum
9. Önnur mál

Nánar um einstaka dagkrárliði og tillögur sem liggja fyrir fundinum.

1. Þórána Jónsdóttir, formaður stjórnar, flytur skýrslu stjórnar.
2. Klara Hrönn Sigurðardóttir, rekstrarstjóri, gerir grein fyrir helstu liðum ársreiknings sem lagður er fram til samþykktar.
3. Stjórn gerir svohljóðandi tillögu um ráðstöfun hagnaðar:
„Aðalfundur Landsbréfa samþykkir að greiða 500 milljónir króna í arð til hluthafa, eða sem nemur um 65% af hagnaði ársins 2020“.

Um tillöguna:

Tillaga stjórnar um arðgreiðslu er í samræmi við stefnu félagsins um að greiða hluthöfum að jafnaði meirihluta hagnaðar fyrra árs. Stjórn Landsbréfa tekur fram að mögulega verður boðað til sérstaks hluthafafundar síðar á árinu þar sem lögð verður fram tillaga um viðbótararðgreiðslu að fjárhæð að 2.000 milljónir króna, vegna uppsafnaðs hagnaðar fyrri ára. Vegna óvissu um áhrif og framvindu Covid-19 faraldursins og ábendinga frá eftirlitsaðilum greiddi félagið ekki arð á árinu 2020.

4. Í stjórn Landsbréfa eiga sæti fimm aðalmenn og tveir varamenn. Frá Eignarhaldsfélagi Landsbankans ehf. hefur borist tillaga um að eftirtaldir aðilar verði kjörnir til stjórnar og varastjórnar:

Þórána Jónsdóttir, í framboði til stjórnarformanns
Guðmunda Ósk Kristjánsdóttir, í framboði sem meðstjórnandi
Haraldur Flosi Tryggvason, í framboði sem meðstjórnandi

Magnús Magnússon, í framboði sem meðstjórnandi
Signý Sif Sigurðardóttir, í framboði sem meðstjórnandi

Erna Eiríksdóttir, í framboði sem varastjórnarmaður
Guðjón Valgeir Ragnarsson, í framboði sem varastjórnarmaður

Nánar um tillöguna:

Lagt er til að stjórn félagsins og varastjórn verði óbreytt.

5. Stjórn Landsbréfa leggur til að PricewaterhouseCoopers ehf. kjörið sem endurskoðunarfélag Landsbréfa.

Nánar um tillöguna:

Lagt er til að PricewaterhouseCoopers ehf. verði kjörið til að vera endurskoðunarfélag Landsbréfa, en þeir eru fyrir endurskoðunarfélaga móðurfélagsins Landsbankans hf.

6. Stjórn Landsbréfa leggur til að starfskjarastefna sú sem liggur fyrir fundinum verði samþykkt.

Um tillöguna:

Stjórn Landsbréfa leggur til að gildandi starfskjarastefna verði samþykkt óbreytt á fundinum. Hún fylgir hér á eftir.

7. Gerð er svohljóðandi um tillaga um stjórnarlaun:

„Greiðsla til stjórnarmanna Landsbréfa hf. fyrir setu í stjórn skal vera 245.000 kr. á mánuði og mánaðarleg greiðsla til stjórnarformanns skal vera tvöföld sú fjárhæð.

Varamenn skulu fá 60.000 kr. fyrir hvern fund sem þeir sitja vegna forfalla aðalmanna, en þó skal árleg greiðsla til þeirra ekki vera lægri en 120.000 kr.

Varaformaður stjórnar skal fá 61.000 kr. fyrir hvern fund sem hann stýrir.

Fyrir setu í undirnefndum stjórnar skal greidd föst árleg greiðsla til nefndarmanna, sem skal vera 220.000 kr. fyrir setu í endurskoðunarnefnd og 110.000 kr. fyrir setu í starfskjaranefnd og skulu 55.000 kr. greiddar aukalega til formanna undirnefnda stjórnar.“

Um tillöguna:

Stjórn leggur til að stjórnarlaun hækki lítillega í samræmi við verðlagsbreytingar og er tekið mið af hækkun stjórnarlauna í móðurfélaginu.

8. Stjórn gerir svohljóðandi tillögu um breytingu á samþykktum félagsins:

„2. gr. samþykktu félagsins orðist svo:

Tilgangur félagsins er rekstur verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og annarra sérhæfðra sjóða, eignastýring og önnur starfsemi sem fellur undir starfsleyfi félagsins, fjárfestingar og lánastarfsemi innan þess ramma sem lög leyfa.“

Um tillöguna:

Í gildandi samþykktum er tilvísun í eldra heiti laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði (sem heita nú lög um verðbréfasjóði) og eðli máls samkvæmt er engin skírskotun til hugtaksins „sérhæfðir sjóða“ sem kom nýtt inn í íslenska löggjöf á árinu 2020 með lögum nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Er eðlilegt að umorða tilgangsákvæðið samþykktu félagsins með hliðsjón af breyttum lögum og er framangreind tillaga við það miðuð og teknar út tilvísanir í lög.

8. Önnur mál

Eftirtaldir eru í kjöri sem stjórnarmenn

Póranna Jónsdóttir

Póranna útskrifaðist með MSc í Lyfjafræði frá Háskóla Íslands árið 1994 og með MBA gráðu frá IESE í Barcelona 1998. Árið 2008 lauk hún prófi í verðbréfamiðlun og útskrifaðist með doktorspróf úr Business Administration frá Cranfield University í Bretlandi árið 2011, en þar sérhæfði hún sig í ábyrgð og skyldum stjórnarmanna. Póranna er stjórnendaráðgjafi og lektor við viðskiptafræðideild Háskólans í Reykjavík. Hún starfaði áður sem deildarforseti viðskiptadeildar HR og þar áður framkvæmdastjóri rekstrar og stjórnunar við sama skóla. Póranna var framkvæmdastjóri samskipta- og viðskiptaþróunar hjá Auði Capital hf. árin 2007-2011 og framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar hjá Vistor hf./Veritas Capital hf. á árunum 2005-2008. Póranna var kjörin fyrst í stjórn Landsbréfa á aðalfundi 6. apríl 2017. Gerð er tillaga um að Póranna verði kjörin formaður stjórnar.

Guðmunda Ósk Kristjánsdóttir

Guðmunda Ósk er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og hefur lokið prófi í verðbréfavíðskiptum. Guðmunda hefur starfað sem viðskiptastjóri á fyrirtækjasviði Landsbankans frá árinu 2016, var framkvæmdastjóri fjármálasviðis 365 miðla 2015 – 2016, starfaði sem viðskiptastjóri hjá Landsbankanum frá 2007 - 2015 en vann við ýmis störf hjá Búnaðarbankanum og síðar Landsbankanum frá 2003 – 2007.

Guðmunda Ósk var fyrst kjörin í stjórn Landsbréfa 6. apríl 2018. Gerð er tillaga um að Guðmunda Ósk verði kjörin meðstjórnandi í stjórn Landsbréfa.

Haraldur Flosi Tryggvason

Haraldur Flosi Tryggvason lauk embættisprófi í lögum frá Háskóla Íslands árið 1999, árið 2002 bætti hann við sig M.Jur gráðu við Oxford háskóla og ári síðar MBA gráðu við Oxford Brookes háskóla. Á starfsferli sínum hefur Haraldur jöfnum höndum sinnt stjórnunarstörfum og lögmennsku, auk kennslu á sviði lögfræði og viðskiptafræði. Hann hefur setið í stjórnum ýmissra fyrirtækja m.a. Orkuveitu Reykjavíkur, Landsvirkjun, VÍS hf. og Félagsbústaða hf. þar sem hann situr enn sem stjórnarformaður.

Haraldur sinnir lögmennsku sem aðalstarfi og er meðeigandi á lögmennsstofunni LMB Mandat

Haraldur Flosi var fyrst kjörinn í stjórn Landsbréfa 6. apríl 2018. Gerð er tillaga um að Haraldur Flosi verði kjörinn meðstjórnandi í stjórn Landsbréfa.

Magnús Magnússon

Magnús er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og er með meistaragráðu í alþjóðaviðskiptum frá Norwegian School of Economics í Bergen í Noregi. Magnús starfaði sem forstöðumaður fyrirtækjasviðs Landsbanka Íslands hf. í slitameðferð (LBI ehf.) á árunum 2009 – 2017, var sjálfstætt starfandi við eigið fyrirtæki á árunum 2002 – 2008, en vann hjá Búnaðarbankanum, Gildingu og Lýsingu á árunum 1990 – 2002. Magnús hefur jafnframt setið í stjórnum ýmissa félaga.

Magnús sat í stjórn Landsbréfa frá apríl 2018 – janúar 2019 og var kjörin að nýju í stjórnina á aðalfundi í apríl 2019. Gerð er tillaga um að Magnús verði kjörinn meðstjórnandi í stjórn Landsbréfa

Signý Sif Sigurðardóttir

Signý er verkfræðingur frá Háskóla Íslands og er með meistaragraðu í „Operations Research“ frá Columbia University í New York. Signý hefur unnið hjá Landsvirkjun frá árinu 2015 og er nú forstöðumaður fjárstýringar hjá Landsvirkjun. Árin 2010 – 2015 vann Signý sem sérfræðingur hjá slitastjórn LBI hf.

Signý Sif hefur setið í stjórn Landsbréfa frá apríl 2020 og er gerð tillaga um að hún verði kjörin sem meðstjórnandi í stjórn Landsbréfa.

Eftirtaldir eru í kjöri sem varastjórnarmenn

Erna Eiríksdóttir

Erna er viðskiptafræðingur af endurskoðunarsviði viðskiptadeildar Háskóla Íslands, með MBA gráðu frá Háskólanum í Reykjavík og hefur lokið prófi í verðbréfavíðskiptum. Erna er fjármálastjóri hjá Plastprent. Hún var áður forstöðumaður fjárfestatengsla hjá Eimskip 2012 til 2018, gegndi stöðu fjármálastjóra hjá Landsvirkjun Power ehf. á árunum 2008 til 2011 en sinnti þar áður ýmsum stjórnunarstörfum hjá Eimskip í um 15 ár. Hún hefur setið í stjórnnum nokkurra fyrirtækja á undanförunum árum og situr nú í stjórn Festu – miðstöð um samfélagsábyrgð.

Erna var fyrst kjörin í varastjórn Landsbréfa 6. apríl 2018, en tók sæti í aðalstjórn í upphafi ársins 2019 og var svo aftur kjörin sem varamaður í apríl 2020. Gerð er tillaga um að Erna verði endurkjörin sem varastjórnarmaður í stjórn Landsbréfa.

Guðjón Valgeir Ragnarsson

Guðjón er forstöðumaður hagdeildar Landsbankans. Guðjón er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands. Hann hefur starfað hjá Landsbankanum og forvera hans frá 1991. Framan af sem sérfræðingur í reikningshaldi og síðar forstöðumaður fjárhagsdeildar frá 1998 - 2008. Guðjón hefur verið forstöðumaður hagdeildar Landsbankans frá árinu 2008.

Guðjón sat í varastjórn Landsbréfa árið 2017, í aðalstjórn félagsins frá apríl 2018 og aftur í varastjórn frá apríl 2019. Gerð er tillaga um að Guðjóns verði kjörinn sem varastjórnarmaður í stjórn Landsbréfa.

Starfskjarastefna Landsbréfa

Lögð fram á aðalfundi Landsbréfa 29. apríl 2021

1. Markmið

Landsbréf leggja áherslu á að ráða til sín og hafa í sínum röðum framúrskarandi starfsfólk. Markmið starfskjarastefnunnar er að gera starf hjá félaginu að eftirsóknarverðum kosti fyrir hæft starfsfólk og þar með tryggja samkeppnishæfni félagsins, framþróun og viðunandi arðsemi.

Starfskjarastefnan skal stuðla að heilbrigðum rekstri til lengri tíma litið og ekki hvetja til óeðlilegrar áhættusækni. Félagið leggur áherslu á að starfskjör stjórnenda og annarra starfsmanna séu samkeppnishæf en þó hófleg og ekki leiðandi. Við ákvörðun um starfskjör skal horft til ábyrgðar og árangurs og gætt að viðurkenndum jafnréttissjónarmiðum.

2. Starfskjör

Samkeppnishæf starfskjör fela í sér að unnt sé að laða að og halda hæfu starfsfólki og að félagið sé samkeppnishæft um starfsfólk þó að laun séu undir hæstu launum í samfélaginu.

Þegar rætt er um að starfskjör skuli ekki vera leiðandi ber m.a. að líta til launaþróunar í víðu samhengi og taka með í reikninginn áhrif á launaþróun almennt. Launakjör fyrirtækja sem eru með því allra hæsta sem tíðkast á vinnumarkaði, en þó ekki hæst, eru talin leiðandi.

Hófleg starfskjör fela í sér að ákvarðanir um laun séu teknar með varkárum hætti og stuðli ekki að miklum eða vaxandi mun í launum, að teknu tilliti til ábyrgðar, verkefna og árangurs. Einnig skal taka eðlilegt tillit til þeirra kjara sem fyrirtæki í meirihluta eigu hins opinbera greiða starfsmönnum sem gegna sambærilegum störfum. Forðast skal miklar launabreytingar á stuttu tímabili. Þess í stað er æskilegra að laun séu hækkuð með reglubundnum hætti og til samræmis við almenna launaþróun. Laun og önnur hlunnindi skulu vera einföld og gagnsæ eins og kostur er.

3. Starfskjör stjórnarmanna

Stjórnarmönnum skal greidd föst mánaðarleg þóknun í samræmi við ákvörðun aðalfundar ár hvert, svo sem kveðið er á um í 79. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Við ákvörðun um fjárhæð þóknunar skal taka mið af þeim tíma sem stjórnarmenn verja til starfsins, þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir og afkomu félagsins. Starfskjaranefnd gerir rökstudda tillögu til stjórnar um þóknun stjórnarmanna fyrir komandi starfsár. Stjórn tekur afstöðu til tillögu starfskjaranefndar og gerir endanlega tillögu um þóknunina sem lögð er fyrir aðalfund. Óheimilt er að gera starfslokasamninga við stjórnarmenn.

4. Starfskjör framkvæmdastjóra

Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra. Starfskjör hans skulu vera samkeppnishæf en hófleg og ekki leiðandi, sbr. 2. gr. starfskjarastefnu, en jafnframt taka mið af kjörum framkvæmdastjóra sviða hjá móðurfélaginu

Ekki skal gera samninga við framkvæmdastjóra og lykilstarfsmenn sem fela í sér starfslokagreiðslur, umfram ákvæði ráðningarsamninga, kjarasamninga og skyldur samkvæmt lögum. Samningsbundinn uppsagnarfrestur framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna skal ekki vera lengri en tólf mánuðir, að teknu tilliti til ábyrgðar og verkefna.

Framkvæmdastjóri ræður aðra starfsmenn félagsins í samráði við stjórnarformann og skulu laun þeirra vera samkeppnishæf en hófleg og ekki leiðandi að teknu tilliti til umfangs og ábyrgðar viðkomandi starfs.

5. Breytilegir kjarapættir

Ekki skulu gerðir samningar um kaupauka, þ.e. samninga um starfskjör sem að jafnaði eru skilgreind með tilliti til árangurs og eru ekki þáttur í föstum starfskjörum, þar sem endanleg fjárhæð eða umfang þeirra liggur ekki fyrir með nákvæmum hætti fyrirfram.

Ef stjórn hyggst taka upp kaupaukakerfi innan félagsins þarf áður að liggja fyrir samþykki hluthafafundar.

6. Upplýsingagjöf

Landsbréf gera grein fyrir kjörum stjórnarmanna og framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna í ársreikningi. Starfskjarastefnu þessa skal birta á vefsíðu félagsins.

7. Samþykkt starfskjarastefnu og fleira

Starfskjarastefna þessi er samþykkt af stjórn félagsins. Starfskjarastefnan skal tekin til afgreiðslu á aðalfundi félagsins í samræmi við 79. gr. a. í lögum nr. 2/1995 um hlutafélög og borin undir fundinn til samþykktar, synjunar eða breytingar.

Heimilt er að endurskoða starfskjarastefnuna oftár en árlega og skulu breytingar þá lagðar fyrir hluthafafund félagsins til samþykktar.

Starfskjarastefnan er leiðbeinandi fyrir félagið og stjórn þess. Stjórn skal færa til bókar frávik frá starfskjarastefnunni og skulu þau frávik studd greinargóðum rökum. Gera skal grein fyrir frávikum á næsta aðalfundi félagsins. Að öðru leyti fer með starfskjarastefnu þessa samkvæmt lögum.